

14. janúar 2019
kl. 8.15

Fundargerð Foreldraráðs Fífusala

Erla Stefanía boðaði foreldraráð á fund og var hann fyrsti fundur nýs árs. Fundurinn var settur kl. 8.15.

Mætt voru Sigurlaug Lilja Ólafsdóttir og Helgi Már Jónsson en Þóra var forfölluð og kom því Jóhanna inn sem varamaður. Erla Stefanía og Elva voru fyrir hönd leiksskólans.

Erla ræddi um fyrirhugaða námsferð leiksskólans en ýmislegt hefur komið uppá svo sem breyting á flugi, bókun um færslu starfsdaga hjá Kópavogsbæ o.fl.

Leikskólinn leggur til að í stað þess að loka kl. 13 miðvikudaginn 24 apríl þá verði lokað allan daginn 24 apríl og í staðinn verði ekki lokað kl. 13 síðasta dag fyrir sumarfrí heldur opið til 16.30. Foreldraráð samþykkti þessa breytingu og skrifaði undir formlega beiðni þess efnis sem verður lögð fram við Kópavogsbæ.

Einnig var rætt um sumarfrí en tillögur eru komnar frá Kópavogsbæ og þær eru annars vegar tímabilið 26 júní til 24 júlí og hins vegar tímabilið 10 júlí til 8 ágúst. Gefin verður frestur út fimmtudaginn til að svara og tilkynnt á föstudaginn hvaða tímabil verður fyrir valinu.

Að lokum var rætt um breytingarnar þar sem Elva kemur inn tímabundið sem aðstoðarleiksskólalastjóri í stað Heiðu.

Fundi lauk kl. 8.55 og ákveðið að boðað yrði til næsta fundar með tölvupósti.

Fundargerð ritaði Helgi Már Jónsson